

86. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 21. ágúst 2013 kl 17:00 á skrifstofu slökkviliðsins á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Reimar Sigurjónsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Nanna S. Höskuldsdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson, Ólafur Steinarsson sveitarstjóri og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð og svo var ekki. Lögð fram ósk um að bæta við lið í dagskrá fundarins sem heitir Trúnaðarfundur-nýsköpun sem lið 13 í dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 85

Lögð fram til kynningar.

2. Bréf frá Fjármálaeftirlitinu vegna stjórnvaldssektar dags 12.07.2013.

Sektin var lækkuð úr 1300 þús.kr niður í 800 þús.kr. Búið er að greiða sáttargreiðslu og telur sveitarstjóri skynsamlegast að ljúka málinu þannig. Borið undir fundinn að ljúka málinu með sáttargreiðslu upp á 800 þúsund kr. 5 voru samþykkir og 1 sat hjá.

3. Bréf frá innannríkisráðuneytinu „Þjónusta við hælisleitendur“ dags. 10.07.2013

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjóri leggur til að sveitarfélagið aðhafist ekkert í þessu máli

Borið undir fundinn að aðhafst ekkert frekar í málinu.

Samþykkt samhljóða.

4. Bréf frá Byggðastofnun vegna úthlutunar sértæks byggðakvóta ódagsett.

Sveitarfélaginu gefst tækifæri á því að koma með athugasemdir og ábendingar við það fyrirkomulag sem Byggðarstofnun leggur til að miðað sé við þegar ráðstafað verður 1.800 þoskígildislestum í þau byggðarlög sem eru í alvarlegum eða bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Meginmarkmið verkefnisins er að auka byggðarfestu í þeim sjávarbyggðum sem standa frammi fyrir alvarlegum eða bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi, eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annari atvinnuuppbyggingu og eru fámennar, fjarri stærri byggðarkjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.

Mat sveitarstjórnarmanna er að þetta eigi við um Bakkafjörð, eigi vel við um atvinnuástandið þar.

Sveitarstjóra er falið að vinna málið áfram og gæta hagsmuna sveitarfélagsins í þeim efnum.

Samþykkt samhljóða.

Indriði mætti á fundinn.

5. Fundargerð hjá stjórn Nausts 16.08.2013

Lögð fram til kynningar.

Tekjuforsendur á Nausti hafa brostið. Kostnaður við rekstur heimilisins er talsvert betri en áætlun gerði ráð fyrir. Hjúkrunarforstjóri, stjórn og aðrir hagsmuna aðilar

þurfa að leggja áherslu á að auka nýtingu og þ.a.l. tekjur heimilisins eins hratt og hægt er.

6. Fundargerð Landbúnaðarnefndar 15.08.2013

Lögð fram til kynningar.

7. Skýrsla sveitarstjóra

a) Staða á dýpkunarframkvæmdum:

Dýpkunarframkvæmdir eru á áætlun. Verkið er u.þ.b. hálfnað og hefur gengið betur en vonir stóðu til. Búið er að greiða rúmlega 90 milljónir í verkið. Allt bendir til þess að verkinu ljúki innan þeirra tímamarka sem sett voru.

b) Rekstraráætlun 2013 hluti málaflokka frágengin.

Verið er að vinna í útkomuspá fyrir árið 2013 fyrir allar deildir sveitarfélagsins. Þessar útkomuspár verða síðan notaðar við áætlangerð fyrir árið 2014. Samhliða þessari vinnu er fundað með hverjum deildarstjóra fyrir sig þar sem farið er yfir málin.

Gögn verða send sveitarstjórnarmönnum til kynningar jafnóðum yfir allar deildir og í framhaldinu verður boðað til sér fundar þar sem farið er yfir hverja deild fyrir sig og þá gefst tími til frekari umræðna um stöðu einstakra deilda/málaflokka.

Sveitarstjóri afhenti fundarmönnum endurskoðaða rekstraráætlun til kynningar fyrir eftirtaldar deildir: Leikskólann Barnaból, tónlistarskólann, Grunnskólann á Bakkafirði og Grunnskólann á Þórshöfn.

Barnaból: Reksturinn er að standast áætlun nokkuð vel en útlit er fyrir að reksturinn kosti svipað milli árána eða tæpar 30 milljónir kr. árið 2013 samanborið við rétt rúmar 30 milljónir fyrir árið 2012.

Tónlistaskólinn: Útkomuspá 2013 fyrir tónlistaskólann er að hann kosti sveitarfélagið tæpar 7 milljónir. Áætlun gerði ráð fyrir 7,2 milljónum en kostaði tæpar 7 milljónir í fyrra.

Grunnskólinn á Bakkafirði: Ívið meiri kostnaður er við rekstur skólans en áætlun gerði ráð fyrir en gert var ráð fyrir að skólinn yrði rekinn fyrir 25,4 milljónir en útlit er fyrir að reksturinn endi í 29 milljónum kr. Árið 2012 nam rekstrarkostnaður 26,5 milljónum.

Grunnskólinn á Þórshöfn: Útkomuspá fyrir árið 2013 gerir ráð fyrir að skólinn kosti sveitarfélagið 137 milljónir kr. Áætlanir gerðu ráð fyrir 108,5 milljónum. Til samanburðar var rekstur grunnskólans á Þórshöfn fyrir árið 2012 tæpar 118 milljónir. Stærstu einstöku frávikin eru að launaksotnaður stefnir í að vera 17 milljónum hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar þar mestu um veikindi og forföll kennara á vorönn 2013. Einnig reynist nauðsynlegt að bæta við kennarastöðu á vorönn. Launakostnaður einn og sér stefnir í að enda í rúnum 100 milljónum. Almenn vörukaup og þjónustukaup stefna í að vera 10 milljónum kr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Skrifstofa sveitarfélagsins ásamt skólastjóra munu á næstu vikum og mánuðum fara

yrtarlega yfir alla rekstrarliði til þess að reyna að lágmarka þá kostnaðaraukingu sem stefnir í.

Spurt var út í skólaaksturinn og hvort væru samningar við alla skólabílsstjóra. Sveitarstjóra falið að skoða þau mál.

c) Staða á framkvæmdum sem fóru af stað í upphafi sumars.

Heildarkostnaðartölur liggja ekki fyrir en verða lagðar fyrir næsta sveitarstjórnarfund þegar búið verður að kalla inn alla reikninga og bóka þá.

Tjaldstæði: Verkinu er lokið. Þegar verkið hófst kom í ljós að það yrð að dreina samhliða smíðinni á veggnum. Veggurinn fór upp og er búinn að sanna notagildi sitt.

Opin svæði: Garðyrkjumaður ásamt aðstoðarmönnum kom og snyrti til tré og runna og vann í 4 daga í skrudgarðinum og öðrum opnum svæðum. Mikil bragarbót var á því og þarf að huga að því að framkvæma slíka aðgerð aftur næsta sumar til viðhalda trjágróðri á opnum svæðum.

Gangstéttar: Búið er að steypa þær gangstéttir sem verða steyptar í bili en endurmat verður gert þegar heildarkostnaður/reikningar liggja fyrir í öllum málaflokkum. Verkið var því ekki alveg fullklárað m.t.t. þess sem átti að gera.

Grunnskólinn á Bakkafirði: Framkvæmdum á þaki er lokið. Þar var einnig farið í að laga skemmdir inni í sal sem var óumflýjanlegt. Þakgluggi er ennþá í viðgerðarferli. Mikill sómi er af þessu verki. Heildarkostnaður liggur ekki fyrir en ljóst er að þakið var ekki eins illa farið og óttast var í upphafi.

Grunnskólinn á Þórshöfn: Endurbótum á kennslustofum og sérkennslurými lokið. Verið er að ljúka við þakkant og mála hluta af gluggum. Skólabyggingin hefur tekið miklum framförum við þessar framkvæmdir.

Félagshemilið Þórsver: Þakplötur eru komnar á húsið. Endanlegur frágangur er eftir. Farið verður í hann í ágúst og september.

Annað: Búið er að kaupa glugga í íbúðirnar í Hálsvegi og verður farið í það að skipta um þá í haust. Einnig liggur fyrir málningarvinna í íbúðum aldraðra í Bakkavegi og Miðholti.

8. Aðalskipulag - staða mála.

Þann 18. júlí 2013 staðfesti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið aðalskipulag Langanesbyggðar. Aðalskipulagið var síðan auglýst í B-stjórnartíðundum þann 1. ágúst 2013.

9. Ósk um styrk vegna opunar á dagvist barna

Dagheimili barna á Þórshöfn opnaði nýverið og hefur borist erindi frá rekstraraðilum heimilisins þar sem sveitarfélagið er beiðið um styrk í stofnkostnað að upphæð 300 þúsund krónur.

Sveitarstjóra falið að ræða þetta við þær. Samþykkt samhljóða.

10. Bréf frá sóknarnefnd vegna kirkjugarðsmála

Lagt fram til kynningar.

Bréfinu vísað til umhvefis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

11. Skoruvíkurbjarg framkvæmdir

Sveitastjóri kynnti stöðu mála á fyrirhugaðri framkvæmd að útsýnispalli á Skoruvíkurbjargi. Nú er verkefnið að nálgast framkvæmdarstig. Heildarkostnaðaráætlun er í dag 16,6 milljónir. Verið er að vinna í styrkumsóknum og er vonast eftir styrkjum í verkefnið á bilinu 12-14 milljónir. Nú þegar liggur fyrir styrkloforð upp á 8.250.000. Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að fá að halda áfram með verkefnið og setja það á framkvæmdarstig. Gert er ráð fyrir að komist verkefnið á stað í haust þá verði pallurinn kominn upp í lok maí 2014.

Samþykkt samhljóða.

12. Breytingar í sveitarstjórn

Sigurður Ragnar Kristinsson hefur vikið úr sveitarstjórn þar sem hann er fluttur úr sveitarfélaginu. Sveitarstjórn þakkar honum fyrir samstarfið á liðnum árum. Sæti Sigurðs Ragnars sem aðalmaður í sveitarstjórn tekur Steinunn Leósdóttir 1. varamaður.

13. Trúnaðarfundur-nýsköpun.

Fært í trúnaðarbók og fundi lokað.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl 19:20